

## Aðalfundur FS haldinn föstudaginn 31. maí kl. 14:00 á Grand hóteli

Fundur settur kl. 14:00 af formanni félagsins Árna Sverrisson (ÁS).

Alls voru mættir á fundinn, 15 félagsmenn í sal og á fjarfundi voru 4 félagsmenn.

Gengið til fundarstarfa samkvæmt dagskrá.

Kosning fundarstjóra og ritara. Árni Sverrisson (ÁS) stakk uppá Hauki Erni Birgissyni og Páli Ægi Péturssyni sem ritara. Sú tillag var samþykkt.

Fundarstjóri tók við fundarstjórn og kannaði með lögmæti fundarins og var það allt samkvæmt lögum félagsins. Fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við fundarboðun og afgreiðslu tveggja fyrstu liða fundarins.

**Liður 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á næst liðnu ári.** Í máli formanns kom fram að á síðasta ári voru haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir auk fjölda símafunda þar sem mál voru rædd og afgreidd.

Í ársbyrjun 2023 tók ég við sem formaður í félaginu. Ég hafði verið framkvæmdastjóri félagsins frá ársbyrjun 2019. Á árinu 2023 voru haldnir sex formlegir stjórnarfundir, auk fjölda tölvupósta og símtala þar sem mál voru tekin fyrir og afgreidd.

### Kjarasamningur fiskimanna

Efst á baugi í byrjun árs var staðan í kjarasamningum á fiskiskipum. Það var þungt yfir okkur fulltrúum sjómanna þar sem lítið hafði miðað áfram í samningaviðræðum. Fund eftir fund hafði ekkert gerst, það var hjakkað í sömu hjólförum síðan samningar losnuðu 2019, kominn var tími til að taka ákvörðun hvort halda ætti viðræðum áfram eða slíta þeim. Sáttasemjari tók þá ákvörðun að hann og tveir aðilar frá hvorum samningsaðila settust niður til að ræða hvort yfir höfuð væri grundvöllur fyrir áframhaldandi samningaviðræðum. Niðurstaðan var að í byrjun febrúar 2023 skrifuðu öll félög sjómanna undir nýjan kjarasamning. Aðeins við skipstjórnarmenn samþykktum samninginn, hin félögin felldu öll. Aðalkrafa okkar um 3,5% hækkun á framlagi útgerða í lífeyrissjóð náðist í gegn, að vísu gegn lítilsháttar lækkun á skiptaprósentu. Heildar hækkun launa með 3,5% hækkun í lífeyrissjóð nam um 2,7%.

Í byrjun febrúar 2024 undirrituðu svo önnur félög sjómanna kjarasamning við SFS, samskonar samning og við höfðum haft í gildi í eitt ár. Á samningnum urðu breytingar sem gengu til okkar, má þar nefna eingreiðslu kr. 400.000, sem allir skipstjórnarmenn á fiskiskipum eiga að hafa fengið fyrir 1. Júní 2024. Tímakaup hækkar, mögulegt verður að segja samningnum upp ef mönnum þykir hann slæmur. Nú fá sjómenn eins og aðrir landsmenn sömu upphæð greidda í lífeyrissjóð og menn fá desemberuppbót. Kauptrygging, tímakaup og aðrir kaupliðir taka mið af hækkunum almennra kjarasamninga í landinu. Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í efnisatriði samningsins hér, en svara að sjálfsögðu spurningum á eftir.

### Auðlindin okkar

Óhætt er að segja að Svandís Svavarsdóttir hafi haldið mér og mörgum öðrum uppteknum á árinu, ég sat í samráðsnefnd um endurskoðun laga um sjávarútvegsstefnu ásamt Svandísi og 29 öðrum fulltrúum hagsmunaaða og stjórnámálanna. Verkefnið heitir „Auðlindin okkar“ þar stóð til að sameina með víðtæku samráði 10 lög í ein lög um sjávarútveg. Ég skilaði inn umsögn um málið í Samráðsgátt fyrir hönd félagsins ásamt 92 öðrum. Málið er í vinnslu og hefur ekki verið lagt fyrir Alþingi. Í þessum nýju lögum er sumt ágætt, en margt/flest afleitt.

1. Lög um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948
2. Lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafra, nr. 37/1992
3. Lög um vinnslu afra um borð í skipum, nr. 54/1992
4. Lög um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996
5. Lög um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996
6. Lög um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997
7. Lög um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998
8. Lög um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006
9. Lög um veiðigjald, nr. 145/2018

### Lög um áhafnir skipa

Þann 1. Janúar 2023 tóku gildi ný heildarlög um áhafnir skipa nr. 82/2022. Með lögnum er lagaumhverfi um áhafnir skipa einfaldað þannig að ein heildarlög koma í stað fernra laga. Þetta eru lög um bryta og matreiðslumenn í farskipum og fiskiskipum, nr. 50/1961, lög um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, lög um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, nr. 30/2007, og lög um lögskráningu sjómanna, nr. 35/2010.

Helstu breytingar með lögnum:

**Erlend skip.** Auk allra íslenskra skipa ná lögin nú einnig til erlendra skipa sem notuð eru í atvinnuskyni á íslensku innsævi í 30 daga samfleytt, eða samtals 90 daga á ársgrundvelli. Eðlilegt er talið að öryggiskröfur um íslensk skip eigi við um þessi skip. Það gildir t.a.m. um skírteinakröfur, lágmarksmönnun, vaktstöðu, vinnu- og hvíldartíma og vinnuskilyrði. Þetta gæti t.d. átt við um áhafnir erlendra þjónustuskipa laxeldis, dýpkunarskipa, dráttarskipa, farþegabáta og farþegaskipa í útsýnis- og skoðunarferðum.

Verkefni nefnda til Samgöngustofu. **Undanþágunefnd og mönnunarnefnd** skipa lagðar niður og verkefni þeirra færð til Samgöngustofu, en Samgöngustofa hefur undanfarin ár annast skrifstofuhald fyrir nefndirnar. Við mótmæltum því að þessar nefndir yrðu lagðar niður, teljum fyrst og fremst að undanþágur eigi ekki að vera til, en til vara að þá yrðu nefndirnar starfræktar með óbreyttu sniði. Við höfðum þá yfirsýn yfir undanþágur og gátum haft milligöngu um að koma réttindamönnum í starf. Félagið hefur kallað eftir skýrum reglum varðandi undanþágur til réttindamanna og að það verði sömu reglur fyrir alla. Þeim skilaboðum hefur verið komið til Samgöngustofu.

**Lágmarksmönnun.** Í frumvarpi til laganna, sem ráðherra mælti fyrir í vetur, var lagt til að kveðið væri skýrar á um lágmarksmönnun réttindamanna á smáskipum að teknu tilliti til útivistar þeirra, þ.e. skipa sem eru 15 metrar og styttri að skráningarlengd. Markmiðið væri að fylgt verði svokallaðri 14 klst. reglu á grundvelli 64. gr. sjómannalaga (nr. 35/1985). Það þýðir að þegar útivist þeirra færi yfir 14 klst. skuli ávallt vera tveir skipstjórnarmenn um borð með tilskilin réttindi. Ekki var um nýmæli að ræða en

mikilvægt talið að kveðið væri skýrt á um þetta í lögum. Við fögnuðum þessari grein, höfum hvatt til þess að farið væri eftir 14 tíma reglunni.

**Bráðabirgðaákvæði.** Í meðförum þingsins var ákvæði til bráðabirgða samþykkt sem heimilar hásetum, sem hafa að baki siglingatíma í tólf mánuði á síðastliðnum þremur árum, að gegna stöðu stýrimanns sé útvíst skips styttri en 19 klst. Gildir ákvæði þetta til 1. júlí 2024. Við mótmæltum þessu harðlega.

**Eigandi smáskips.** Nýtt ákvæði kveður á um að þegar eigandi smáskips (skv. skipaskrá) er lögskráður sem skipstjóri og smáskipavélavörður og er einn um borð, þurfi ekki stýrimann eða annan smáskipavélavörð þótt útvíst fari fram yfir 14 klst. Mótmæltum þessu, eða þurfa eigendur ekki að fara eftir hvíldartímareglum?

Matsveinar eða brytar. Kröfum um að borð séu matsveinar eða brytar er breytt þannig að miðað verður við útvíst skips en ekki stærð þess eins og gildandi lög kveða á um.

**Jafnrétti.** Við smíði lagafrumvarpsins var horft til áhrifa þess á jafnrétti kynja til að draga úr mun á þátttöku kynja í siglingum og sjósókn. Með stjórnvaldssektum er m.a. tryggt betur að skip sem mönnuð eru miðað við 14 tíma reglu haldi sig innan þess tímaramma. Talið að það auki líkur á að konur sinni störfum um borð í slíkum skipum. Þá var sérstaklega lögð áhersla á að draga úr karllægni í orðfæri laganna. Þannig er orðið „fiskari“ notað í stað „fiskimanns“ og „útgerð“ í stað „útgerðarmanns“. Mótmæltum þessu.

**Stjórnvaldssektir.** Með lögnum fá Landhelgisgæsla Íslands og Samgöngustofa heimild til að leggja á stjórnvaldssektir fyrir brot á tilteknum ákvæðum laganna og reglum samkvæmt þeim. Við töldum að þetta myndi auðvelda löggjafanum að fylgja eftir rétttri mönnun. Að LHG gæti lagt á sektir, svipað og gert er varðandi umferðarlagabrot, sá sem bryti af sér fengi sekt í heimabanka fljótlega, en það kom í ljós að menn hafa andmælarétt og kerfið flókið og ekki enn komið í gang.

Það er rétt að geta þess varðandi mönnunarmál fiskiskipa, þá teljum við löngu tímabært að um borð í fiskiskipum eins og öðrum skipum séu mönnunarskírteini, við lögðum þetta til í umsögnum við áhafnarlögin og töluðum fyrir því, án árangurs ennþá. En málið snýst um það að í lögum er kveðið á um fjölda yfirmanna á fiskiskipum, hvað þarf marga yfirmenn að lágmarki til að sigla skipi fra A til B, en það er ekkert um það í lögum og reglum hvað þarf marga menn til að vinna þá vinnu sem skipið er hannað til að gera, í mönnunarskírteini hvers skips yrði fjöldi manna tilgreindur eins og tíðkast hefur á öðrum skipum en fiskiskipum um árabil. Reyndar eru mönnunarskírteini á fiskiskipum í sumum löndum.

## Skútan

Nýtt lögskráningarkerfi var Skútan var tekið í notkun á árinu 2023, kerfið hefur reynst vel eins og það snýr að okkur, við höfum lagt til við Samgöngustofu að kerfið verði þannig að þegar maður er lögskráður, þá fái hann SMS og/eða tölvupóst um að hann hafi verið lögskráður á tiltekið skip, jafnvel hver lögskráði hann. Í þeim tilgangi að auka áræðanleika lögskráningar áhafna og að menn geti ekki skráð sig um borð séu þeir í landi. Í kerfinu er haldið utan um skipaskrá, skoðunarskýrslur og útgáfu skírteina. Lögskráningarkerfið, sem er séríslenskt, snýst um öryggi, (að vita alltaf hve margir og hverjir eru um borð) tryggingar og réttindi.

Við áttum fundi á árinu með Samgöngustofu til að fara yfir undanþágu- og mönnunarmál og mál er varða lögskráningarkerfið. Það er mikilvægt að eiga í samskiptum og halda opnu samtali um það sem vel er gert og það sem betur má gera.

## Málefni Skipstjórnarskólans

Margir félagsmenn, útgerðir og fleiri þ.m.t. starfsmenn félagsins hafa áhyggjur af framtíð skipstjórnarmenntunar innan Tækniskólans. Mikið hefur verið rætt hvort og þá hvernig félagið getur haft meiri áhrif á menntunarmál skipstjórnarmanna. Það er ljóst að Skipstjórnarskólinn er ekki að fá þá athygli og rými innan Tækniskólans sem hann þyrfti að fá, skólinn virðist hornreka og ekki er sá metnaður til staðar sem þyrfti að vera frá hendi þeirra sem stjórna Tækniskólanum. Ekki er við kennara Skipstjórnarskólans að sakast, a.m.k. ekki eingöngu heldur virðist vanta skilvirkari stjórnun að ofan því Skipstjórnarskólinn er einn af mörgum misfölmnum skólum innan raða Tækniskólans með aðeins u.þ.b. 5 - 6% nemenda. Þeir eru að jafnaði mun eldri en aðrir nemendur Tækniskólans og koma flestir úr allt öðru umhverfi.

Félag skipstjórnarmanna hefur lagt til að stofnaður verði Skóli Sjávarútvegs og siglinga í húsinu okkar Sjómannaskólanum í Reykjavík, það yrði gert samvinnu við háskóla á Íslandi og erlendis. Einnig Háskólasetur Vestfjarða og Slysavarnaskóla sjómanna. Í skólanum yrði kennd veiðarfæragerð og þróun veiðarfæra í samvinnu við fyrirtæki og starfsmenn í þeirri grein. Sjávarútvegsfræði í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Útgerðartækni/shipping. Alþjóðleg námskeið s.s. fyrir hafnsögu- og leiðsögumenn, meðferð sjávarfangs frá a – ö o.s.frv. Lögð yrði áhersla á samstarf við útgerðir, hluti af náminu í skipstjórn yrði að fara um borð í skipt til náms við raunverulegar aðstæður undir handleiðslu reynds skipstjórnarmanns. Skip ríkisins yrðu notuð í kennslu. Haftengd nýsköpun yrði kennd í samvinnu við Sjávarklasann og önnur sambærileg fyrirtæki. Á vegum skólans yrðu haldnar alþjóðlegar ráðstefnur og kynningar, þar sem öðrum þjóðum yrði boðið að kynnast þekkingu okkar á sjávarútvegi.

Hús Sjómannaskólans er eign sjómannastéttarinnar og er okkur sjómönnum mjög kært. Okkur finnst að þar eigi höfuðstofnun menntunar og þekkingar sjómanna að vera. Hornsteinn var lagður af Sveini Björnssyni Ríkisstjóra Íslands við vígslu Sjómannaskólahússins á sjómannadaginn 4. Júní 1944. Þar stendur m.a. að skólahúsið var byggt til að hýsa sjómannamenntun og skuli nefnast Sjómannaskóli Íslands.

Í dag er fátt sem minnir gesti sem koma inní Sjómannaskólann á að þar hafi nokkru sinni farið fram menntun sjómanna í yfir 70 ár, stjórnendur Tækniskólans hafa látið fjarlægja alla muni og skólaspjöld og koma þeim fyrir í skemmum í Reykjavík eins og hverju öðru drasli. Ekki er borin mikil virðing fyrir sögu Sjómannaskólans og menntun sjómanna. Samanber það að hús var reist sem skyggði á innsiglingarvitann til höfuðborgarinnar, byggja þurfti nýjan vita við Sæbraut. Og orðrómur var um að dómstólar Reykjavíkur og Reykjaness ættu að flytja í húsið.

Við Páll Ægir Pétursson munum halda áfram baráttu fyrir því að nám í skipstjórn og sjávarútvegs tengdum greinum verði áfram í húsinu okkar Sjómannaskólanum í Reykjavík.

## Skirteinistrygging fyrir skipstjórnarmenn

Hugmyndir hafa verið uppi um skirteinistryggingu skipstjórnarmanna. Það er trygging sem greiðir bætur (eingreiðslu) ef maður missir atvinnuskirteini sitt vegna veikinda eða slyss, hann yrði ófær um að gegna

skipstjórnarstarfi. Svona trygging er gríðarlega dýr, hún þekkt einungis hjá flugmönnum innan FÍA, en flugfélögin greiða iðgjaldið fyrir þessa tryggingu. Flugmenn fá bætur, eingreiðslu ef þeir missa skýrteini sín. Það hefur komið upp sú hugmynd að félagið tryggi sjálft félagsmenn sína, eða hvort stofnaður yrði sér tryggingasjóður eða sjúkrasjóður félagsins til þess að greiða mönnum í þannig tilfellum. Ef af þessu verður þá yrðu allir félagsmenn tryggðir og félagið myndi taka síka tryggingu á eigin ábyrgð. En þetta mál þarfnast umræðu í félaginu og nýrri stjórn.

Breytingar á reglugerð um heilbrigði sjómanna var gerð á árinu. Nú þurfa sjómenn að fara í lækni skoðun annað hvert ár og hafa kröfur um heilbrigði sjómanna aukist. Skiptar skoðanir eru meðal áhafna skipa um þessar breytingar en ég skrifaði umsögn inn á samráðsgátt og lýsti ánægju með þessar breytingar, ekki síst því að fylgst væri betur með heilsu sjómanna. Brögð eru að því að ákveðnir trúnaðarlæknar fyrirtækja séu að gera ítarlegri kröfur en heimilt er skv. íslenskum lögum og reglum, vitna til Norskra vinnureglna í því samhengi. Dæmi eru um að svipta hafi átt menn möguleika á því að gegna starfi sínu á hæpnum forsendum. Heimildir lækna þurfa að vera alveg skýrar. Markmið með heilsufars skoðunum er að menn séu færir um að gegna starfi sínu, hafa þarf í huga að þetta er gert fyrir okkur sjómenn, líta má á þessar breytingar sem forvarnir og áskorun um heilsueflingu. En tryggja verður að ekki sé gengið lengra en heimilt er skv. lögum og reglum í þessum málum sem öðrum.

### **Djúpkarfi**

Mikil vonbrigði urðu með ráðgjöf Hafró á djúpkarfa fyrir yfirstandandi fiskveiðiár 2023/2024. Farið var úr rúmlega 6 þúsund tonnum niður í núll, mikil óánægja var með ráðgjöfina. Ráðgjöfin endurspeglar alls ekki upplifun skipstjóra sem stunda veiðar á slóðum djúpkarfa. Megnið af djúpkarfa kemur sem meðafli á grálúðu og gullax slóð. Skipstjórar höfðu samband við mig, ég brást við og átti fundi með forstjóra og starfsmönnum Hafró, einnig Matvælaráðherra og starfsmönnum í ráðuneyti hennar. Ég lagði til að gefinn yrði út 5.000 tonna kvóti, svo 4.000 tonna kvóti, en allt kom fyrir ekki, hún staðfesti ráðgjöf Hafró og gaf út núll kvóta. Rök hennar voru að hún myndi ekki fara gegn ráðgjöf Hafró sem væri búin að kynna ráðgjöfina Alþjóða hafrannsóknaráðinu, hætta væri á að brot á MSI vottunum gætu leitt til þess að erlendir aðilar hættu að kaupa af okkur fisk. Reyndar unnum við smásigur í þessu máli, við fengum fyrirhuguðu hólf í grálúðuslóð minnkað töluvert og breytt. En þessi afgreiðsla olli því að ég hef lagt til að sett verði á stofn nefnd skipuð skipstjórnarmönnum og hagsmunaaðilum ásamt ráðherra eða fulltrúa hans. Hafró þurfi að kynna ráðgjöfina í þessari nefnd áður en hún er gefin út, nefndin hefði tillögurétt um að breyta ráðgjöfinni til aukningar eða minnkunar í hverri fisktegund. Einnig væri hægt að boða nefndina saman hvenær sem er á fiskveiðiarinu ef þurfa þykir, td. vegna þess að lítið eða mikið fiskaðist af einhverri tegund svo til vandræða horfði. Ástæða þessarar tillögu minnar er að það er ekkert verklag til í dag varðandi þessi mál.

### **Íslensk alþjóðleg skipaskrá**

Eins og þið vitið er ekkert íslenskt kaupskip á Íslensku flaggi. Einungis 6 flutningaskip, tvö hjá Samskip og fjögur hjá Eimskip eru mönnuð Íslendingum. Skipin eru á Færeyskum fána. Útgerðarfyrirtæki þeirra eru Færeysk fyrirtæki sem eru dótturfyrirtæki Eimskip og Samskip. Áhafnir skipanna eru á okkar kjarasamningum, en greiða skatta til Færeyja, sem fyrirtækin fá svo endurgreidda. Við höfum verið að lobbýstast í stjórnvöldum að koma á Íslens alþjóðlegri skipaskrá, hingað til án árangurs. Að sjálfsögðu ættu Íslendingar að eiga sína skipaskrá. Á Færeyskri skipaskrá eru um 100 skip. Írar snéru vörn í sókn og

aðlöguðu sína skipaskrá um síðustu aldamót sem olli því að skipum snarfjölgæði. Það er mikilvægt hverri þjóð að eiga flutningaskip sem siglir undir þjóðfána ríkisins, þannig að ef til stríðsátaka kemur, þá ræður þjóðin yfir skipaflotanum. Eins og staðan er núna erum við háð annarri þjóð um flutninga til og frá landinu ef til átaka kemur.

### **Samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar**

Ég sit í samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir Hlutverk nefndarinnar er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafurkastur fyrir íslensku þjóðina. Nefndin skal þannig huga að þáttum er stuðlað geta að betri umgengni um auðlindir sjávar, s.s. áhrifum veiða eða veiðarfæra á lífríkið. Verndarhólf 30/30

### **Verðlagsstofa skiptaverðs**

Í endurnýjuðum kjarasamningi fiskimanna, var gerð bókun um að gera starfsemi VSS sýnilegri. Það sé beinlinis æskilegt að skapa frekara traust. Birt verði málaskrá yfir mál sem berast VSS og lyktir þeirra. Í annari bókun segir að aðilar séu sammála um að stjálfstæði VSS verði tryggt fjármagn og henni gert mögulegt að rækja hlutverk sitt. Fulltrúar sjómanna leggja til að hægt verði að sækja upplýsingar um afurðaverð rafrænt beint frá Tollstjóra. SFS var ekki sammála, telur að heimildir VSS séu til staðar og afar víðtækar. Matvælaráðherra flutti frumvarp til laga um VSS, þar sem lagt var til að VSS fengi viðtækari heimildir til að sækja rafrænt upplýsingar í gagnagrunn Tollstjóra. Við fögnuðum því í umsögn í Samráðsgátt en SFS lagðist gegn því. Við lögðumst gegn því að heimilt yrði að forstöðumaður annarrar ríkisstofnunar gæti verið forstöðumaður VSS, möo. Við viljum að VSS sé algerlega sjálfstæð stofnun eins og hefur verið í lögunum frá 1998.

### **Hvalveiðar**

Á árinu 2023 fór talsverður tími hjá mér í að lobbýast vegna hvalveiða. Eins og þið munið, þá frestaði matvælaráðherra byrjun hvalvertíðar til 1. september, hún átti að hefjast 21. júní. Ég átti fundi í matvælaráðuneytinu með ráðherra vegna þessa máls. Þá átti ég fundi með skipstjórum hvalveiðiskipanna vegna þessa máls auk fjölda símtala. Ég skrifaði greinar um málið og kom fram í fjölmiðlum til að reyna að liðka fyrir sjálfsögðum hvalveiðum án árangurs. Ég hef nálgast þetta mál á þeim forsendum að hvali þarf að veiða til að gæta jafnvægis í lífríki hafsins. Það er talið að um 40.000 langreyðar séu á hafsvæðinu Austur Grænland – Ísland – Færeyjar, þær eru taldar éta um 13,5 milljónir tonna af átu og fiski (loðnu). Hnúfubakar eru inn um firði og flóa allt árið um kring.

### **Önnur mál**

1. Haustfundur með stjórnnum FS, Verðandi í Vestmannaeyjum og Vísi í Reykjanesbæ var haldinn á Grand hóteli með svipuðu sniði eins og í fyrra. Á þessum árlegu fundum er farið yfir stöðu mála. Mjög gott samstarf er á milli félaganna, en sem kunnugt er förum við hjá FS með samningsumboð fyrir félögin og fáum greiðslumiðlunargjald fyrir. Legg til að næsta haust verði fundur þar sem fráfarandi stjórn og nýkjörin stjórn koma saman á Grand hóteli ásamt stjórn Verðandi og Vísis og mökum. Fundur verði fyrir og eftir hádegi, kvöldverður um kvöldið.

2. Nýr starfsmaður Jóna Brynja Birkisdóttir sjávarútvegsfræðingur, hóf störf hjá félaginu í september. Meðalaldurinn á skrifstofunni hrundi. Hennar hlutverk er meðal annars að rýna gögn um fiskverð, afurðaverð ofl. Markmiðið er að á heimasíðunni okkar verði aðgengilegar upplýsingar sem nýtast félagsmönnum og öðrum til að tryggja rétt fiskverð. Hún situr í úrskurðarnefnd um fiskverð sem fundar mánaðarlega og vinnur í góðu samstarfi við Verðlagsstofu skiptaverðs.
3. „Á stjórnarfundum í Félagi skipstjórnarmanna þann 20. nóvember 2023 var samþykkt að heimila formanni að sjá um útlán á íbúðum félagsins og sumarhúsum eftir þörfum. Fjórar íbúðir af fimm í Reykjavík voru lánaðar í fyrstu og svo leigðar á því verði sem miðaðist við endurgreiðslu hins opinbera til leigutaka.
4. Lífeyrismál. Haldinn var fjölmennur fræðslufundur á Grand hóteli með Birni Berg, sérfræðingi í lífeyrismálum. Margir félagsmenn höfðu haft samband með spurningar tengdum lífeyrismálum m.a. vegna þess að skipstjórnarmenn á fiskiskipum fengu 3,5% viðbót í lífeyrissjóð.
5. Golfmót var haldið mánudaginn 28. ágúst á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ.
6. Félagið styrkti Ölduna um eina milljón króna. Aldan er rafrænt app sem heldur utan um öryggismál og æfingar um borð í skipum.
7. Hundamál. Stjórnin samþykkti í ljósi góðrar reynslu að hundahald yrði áfram heimilt í Hrannarbóli.
8. Verðlagsstofa á að fylgjast með því að gert sé rétt upp við sjómenn, hún fær alla samninga og er með alla tölur á takteinum. Nauðsynlegt er að efla Verðlagsstofu og að hún komi sér upp mælaborði til að fylgjast stöðugt með fiskverði.
9. Mikil ánægja hefur verið með íbúðir félagsins í Austurbrú nr. 8 á Akureyri. Þegar bygging nýrra íbúða hófst sunnan við hús nr.8, ákváðum við í stjórn að fastsetja okkur tvær íbúðir í þeim kjarna sem kallast pollurinn. Ég fór norður fyrir nokkrum dögum síðan, skoðaði og valdi tvær íbúðir, í framhaldinu gerði ég tilboð með fyrirvara um samþykki fyrri stjórnar og nýrrar stjórnar. Annað tilboðið var samþykkt, hinu var hafnað, ég mun leggja fyrir stjórnina að kaupa tvær íbúðir. Ég mun leggja fyrir nýja stjórn sömu tillögu ásamt því að selja íbúð okkar í Furulundi 10.

**Liður 2.** Endurskoðaðir reikningir félagsins og sjóða þess lagðir fram og bornir undir atkvæða.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræðu varðandi þessa tvo dagskrárlíði. Engar spurningar komu fram og því voru reikningar félagsins bornir upp til atkvæðagreiðslu og voru þeir samþykktir einróma.

**Liður 3. Kjóri formanns og stjórnar lýst.** Fundarstjóri sagði að kosningar hefðu þegar farið fram. Fundarstjóri bað Steinar Magnússon sem situr í kjörnefnd, að koma upp og afhenda úrslit kosninganna. Fundarstjóri las síðan upp úrslitin.

Í stjórn félagsins voru kosnir eftirfarandi menn:

Árni Sverrisson formaður Reykjavík.  
Pálmi Gauti Hjörleifsson Akureyri.  
Heimir Karlsson Garði.  
Einar Pétur Eiríksson Hafnarfirði.  
Friðrik Höskuldsson Álftanesi.  
Jón Frímann Eiríksson Borgarnesi.  
Kristinn Hólm Ásmundsson Akureyri.  
Tryggvi Eiríksson Hafnarfirði.  
Vignir Traustason Akureyri.

**Varamenn:**

Gísli Valur Arnarsson Kópavogi.  
Guðjón Guðjónsson Skagaströnd.  
Halldór Jóhannesson Reykjavík.  
Haraldur Ágúst Konráðsson Ísafirði.  
Júlíus Víðir Guðnason Akranesi.  
Kristinn Grétar Rögnvarsson Reyðarfirði.  
Kristján Gísli Gunnarsson Akureyri.  
Páll Halldórsson Hnífsdal.  
Sigþór H. Guðnason Grenivík.

Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund mun stjórnin Skipta með sér verku.

**Liður 4. Kosning kjörstjórnar sbr. 13 gr. og löggilts endurskoðanda sbr. 15 gr.** Nöfn kjörstjórnar voru birt á skjá. Engar athugasemdir frá fundarmönnum. Tillaga formanns um að Grand Thornton verði áfram endurskoðendur félagsins var samþykkt.

**Liður 5. Kjör fulltrúa félagsins í stjórnir, ráð og nefndir eftir því sem við á.** Kemur ekki til kasta þessa fundar að kjósa í þessum lið.

**Liður 6. Ákvörðun stjórnarlauna.** Tillaga ráfarandi stjórnar er að hækka stjórnarlaun í 50.000 krónur fyrir stjórnarfund. Engar athugasemdir komu fram um þá tillögu og telst hún því samþykkt.

**Liður 7. Önnur má.**

Páll Ægir fór yfir kjaraviðræður og samningsmál.

Skrifað var undir kjarasamning til fjögurra ára við ferðaþjónustufyrirtækin 6. maí sl. Laun taka hlutfallshækkun, með krónutöluhækkun að lágmarki, nema annað leiði af launatöflum sem fylgja kjarasamningi þessum. Orlof breytist og verður lánmarksorlof 25 virkir og orlofslaun skulu vera 10,64% af öllum launum þau hækka og fær starfsmaður sem starfað hefur í sama fyrirtæki í 5 ár 28 virka daga ó orlof og 12,07% af öllum launum og eftir 10 ára starf á hann rétt á orlofi í 30 virka daga og orlofslaun



13,04% af öllum launum. Hækkun orlofs skv. framansögðu tekur gildi 1 maí 2025 og því hærri orlofsprósenta er greidd frá þeim tíma.

Varðandi kjarasamninga fyrir félagsmenn okkar sem starfa við fiskeldi, þá töldum við okkur vera með tilboð frá SFS varðandi stöðu skipstjóra um borð í bátunum en við höfum fundað undanfarið með fulltrúum laxeldisfyrirtækjanna og SFS varðandi gerð kjarasamnings fyrir skipstjórnarmenn í fiskeldi. Okkar markmið hefur verið að gera kjarasamning sem nær til starfa skipstjórnarmanna á skipum og bátum fyrirtækja í fiskeldi þar sem þess er krafist í lögum eða reglugerðum að réttindamenn séu um borð og falla ekki undir aðra kjarasamninga sem gerðir hafa verið milli SA og FS.

Vonandi náum við að klára gerð kjarasamnings fyrir eldismenn bráðlega.

Varðandi kjarasamningsviðræður við ríkið vegna Hafrannsóknarstofnunar og Landhelgisgæslunnar, þá erum við með fyrir utan launaliðinn, sem er innrammaður hjá ríkinu, áhersluatriði sem lúta að vinnutímastyttingu, fræðslumálum, skírteinistryggingu, öflugri samráðsfundum milli áhafna og stofnanana, samspili stofnanasamnings og miðlæga samningsins sem við gerum við ríkið auk þess sem við fórum fram á að greiðslur í sjúkrasjóð verði 0,75% af heildarlaunum.

Starfsemi LHG er flóknari en Hafró þar sem fleiri deildir eru innan LHG og því um flóknari samningaviðræður að ræða. Hins vegar höfum við átt ágæt samtal við báðar þessar stofnanir undanfarið þó svo að við séum ekki byrjaðir á að ræða stofnanasamning ennþá. Við leggjum áherslu á að stofnanasamningar beggja stofnanana og miðlægi samningurinn við ríki séu gerðir samhliða vegna ýmissar hagræðingar sem af því hlytist. Samninganefnd ríkisins er með ákveðin skilaboð til okkar um að launaraminn sé ákveðinn en að hægt sé að hagræða innan launataflanna, það er eitthvað sem við bíðum eftir að ræða við þau. Það er hins vegar kristaltært af þeirra hálfu og skilaboð sem þau koma með inná alla samningafundi ríkisstarfsmanna að markmiðið með þessum kjarasamningum er tvenns konar, annar vegar að gera langtíma kjarasamning með hóflegum launahækkunum og hins vegar að ná niður verðbólgu og vöxtum.

Það eru sameiginleg markmið stjórnvalda og samningsaðila að leggja grundvöll að vaxandi velsæld, með auknum kaupmætti og stuðla að lækkun verðbólgu og vaxta. Hins vegar leggjum við fram nokkur áhersluatriði sem ræða þarf við stofnanirnar en við höfum sagt við samninganefnd ríkisins að það sé mikilvægt að hún komi að þeim viðræðum. Því hefur hún neitað alfarið en lagt til að tilnefndur verði aðili frá stjórnarsýslunni sem einhvers konar áheyrnafulltrúi. Staðan er ekki einföld auk þess sem kjaraviðræður hafa dregist á langinn og sér ekki til lands ennþá.

Samband íslenskra sveitarflaga og Félag skipstjórnarmanna undirrituðu skammtíma samning 1 okt. á síðasta ári sem ran út 31. mars sl. Við fengum námssjóð inni kjarasamninginn eða framlag í hann frá höfnunum sem nemur 1,5% af heildarlaunum félagsmanna. Úr sjóðnum er úthlutað til félagsmanna skv. reglum sjóðsins.

Okkur hefur hins vegar fundist vanta skilning hjá sveitarfélögum á þessum störfum, eða öllu heldur samninganefndinni sem er ekki skipuð sjómönnum. Við höfum bent á að mikil ábyrgð hvílir á hafnsögumönnum og skipstjórum dráttarbáta við störf sín. Þekkingu og þjálfun þarf til að stjórna hafnsögu/dráttarbátum að beiðni hafnsögumanna þegar komið er inn í höfn í stífum vindi og ölduróti og óumdeilt er að góðir hafnsögumenn eru gulls íglidi. Samskipti hafnsögumanna og skipstjóra bátanna er mikil og oft á tíðum getur misskilningur valdið stórtjóni og stefnt mannlífum í hættu.

Samkvæmt lögu nr. 41/2003 um hafnsögu, ber hafnsögumaður ábyrgð á leiðsögu sinni. Hann skal leiðbeina og aðstoða skipstjóra þannig að ætíð sé siglt á öruggri viðurkenndri siglingaleið og án óþarfa

tafa svo dæmi séu tekin. Við höfum verið í ambndi við formann samninganefndar sambandsins og vill hún klára gerð kjarasamnings við fyrsta tækifæri. Við biðum eftir fundarboði frá þeim.

Síðasti samningur við Faxaflóahafnir var undirritaður í ágúst á síðasta ári og gildi til 30 apríl sl. Við erum búnir að gera drög eða endurrita og uppfæra heildarkjarasamninginn og taka út ýmislegt sem á ekki við lengur og bæta nýjum atriðum inn. Við gerum sameiginlegan kjarasamning við Félag vélstjóra og málmæknimanna. Ég hef verið í sambandi við það félag og kynnt þeim okkar áhersluatriði. Við höfum ekki náð að funda ennþá með Faxaflóahöfnum en munum gera það bráðlega. Við munum leggja áherslu á slysatryggingar félagsmanna okkar sem vinna sem hafnsögumenn og skipstjórar, veikindarétt og menntamál.

PÆ fór yfir helstu mál sem eru á dagskrá Fagráðs um siglingamál og mál sem koma beint frá FS inn í ráðið. Helstu málin eru:

**a. Málaskrá ráðsins**

Útbúin verði málaskrá til að hafa betri yfirsýn yfir þau mál sem ráðið hefur fjallað um og hvernig afgreiðslu þeirra er háttað hjá IRN og SG. Mál skulu síðan afgreidd formlega með rökstuðningi.

**b. Íslensku kunnátta skipstjórnenda.**

Athugasemdir hafa borist, vegna íslenskukunnáttu erlendra skipstjórnenda á íslenskum skipum, til FS. PÆ lagði áherslu á að tryggt væri að útlendingar sem starfa sem skipstjórnendur þekki íslenskt lög og regluverk sbr. (5.gr, 2.mgr. áhafnalaga um heimild erlends ríkisborgara til að starfa á íslenskum skipum. Samkvæmt 8. gr. til að starfa sem skipstjóri, skal viðkomandi hafa staðist námskeið um kunnáttu á íslenskum lögum og reglum er varða þau störf sem hann fær réttindi til að gegna.)

**c. Úrskurðarnefnd ferðapjónustunnar**

Að gefnu tilefni, vill Félag skipstjórnarmanna koma því á framfæri í Siglingaráði að útgerðir útsýnisbáta og skipstjórar þeirra sjái til þess að aldrei séu fleiri farþegar um borð í útsýnisbátum en leyfilegt er miðað við það farsvið sem bátarnir sigla í hvert sinn. Samgöngustofa ákveður fjölda í áhöfn, leyfilegan farþegafjölda og farsvið farþegaskipa. Eins og dæmin sanna getur komið upp ágreiningur um þessi atriði. t.d. ef útgerð og/eða áhöfn finnst fjöldi í áhöfn, fjöldi réttindamanna, fjöldi farþega og farsvið ekki rétt með tilliti til öryggis farþega, áhafnar og skips. Félagið óskar eftir því að Siglingaráð samþykki áskorun á ráðherra um að komið verði á úrskurðarnefnd sem úrskurði í álitamáli um farsvið, mönnun- og áhafnamál. Í úrskurðarnefnd yrðu fimm fulltrúar, tveir fulltrúar SAF, tveir frá stéttarfélagunum, FS og VM og oddamaður frá Samgöngustofu. Það er að okkar áliti mikilvægt að ferðapjónustan hafi vettvang til að koma sínum tillögum og umkvörtunum á framfæri í nefnd sem þeir eiga aðild að.

**d. Öryggisúttekt vegna siglinga skemmtiferðaskipa við Ísland.**

PÆ sagði frá öryggisúttekt á siglingum farþegaskipa við Noreg. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld setji í gang sambærilega öryggisúttekt hér á landi með aðkomu helstu stofnana og hagsmunaaðila því fjöldi koma skemmtiferðaskipa til landsins hefur aukist mikið.

PÆ minnti á bókun á 43. fundi um leiðsögumannaskyldu um borð í farþegaskipum sem sigla á viðkvæmum svæðum en þar óskar Siglingaráð eftir því að innviðaráðuneytið taki af skarið í málinu.

#### e. Nordisk Navigatör Kongress 2024

PÆ sagði frá því að ráðstefnan verði haldin á þessu sumri á Íslandi. Hann upplýsti fundarmenn um helstu málefni ráðstefnunnar og sýndi glærur frá síðasta fundi sem hadlinn var í janúar í Gautaborg.

Einar Örn Jónsson félagsmaður FS og björgunarsveitarmaður kom í pontu og ræddi um öryggis- og slysavarnamál. Hann þakkaði FS fyrir að styðja við öryggismál sjómanna. Einar fjallaði um þjálfunarmál í víðu samhengi og sagði að sameiginleg þjálfunar- og viðbragðsaðstaða gæti verið betri en hún er í dag ef húsnaði fyndist með sundlaug, sambærileg aðstaða og er erlendis sem mun nýtast öllum og ekki síst sjómönnum. Einar Örn hefur komið mikið að þjálfun og kennslu og rakti í stuttu máli það sem hann er að fást við í dag með fyrirlestrum um betri lífsstíl, öryggismálum til sjós og lands, ráðgjöf og fræðslu til sem flestra. Hann kenndi um árabíl við Slysavarnaskóla sjómanna.

Næstur kom í pontu ÁS og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir góð störf. Fráfarandi stjórn verður kvödd í haust með viðhöfn og formaður óskaði jafnframt nýrri stjórn til hamingju með kosninguna og sagðist hlakka til að vinna með þeim.

Ályktun FS á fundinn. Árni las upp eftirfarandi tillögur sem voru samþykktar samhljóða.

Tillögur fyrir aðalfund.

#### 1. Áskorun frá aðalfundi Félags skipstjórnarmanna.

Félagsmenn hafa miklar áhyggjur af mikilli fjölgun hvala. Hvalir éta milljónir tonna af átu og öðrum fisktegundum úr hafinu á hverju ári. Líklegt er að áhrifa fjölgunar hvala sé nú þegar farið að gæta á fiskistofna í lífríki hafsins með þeim afleiðingum að engin loðnuvertíð var síðastliðið haust og vetur. Afleiðingar þess að hvalir eru ekki veiddir eru alvarlegar fyrir lífríkið í hafinu, auk þess sem milljarða atvinnutekjur fólks og útflutningstekjur tapast. Ef hvalveiðar verða ekki leyfðar, þá er augljóst að nytjastofnar okkar munu bera skaða af. Fiskveiðar eru undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Aðalfundur Félags skipstjórnarmanna skorar á Matvælaráðherra að heimila nú þegar hvalveiðar.

#### 2. Aðalfundur Félags skipstjórnarmanna skorar á hlutaðeigandi að hefja nú þegar vinnu við stofnun nýs skóla fyrir sjávarútveginn, nýjan skóla Sjávarútvegs og siglinga í húsi sjómannastéttarinnar, „Sjómannaskólanum í Reykjavík“ í skólanum yrði miðstöð menntunar og þekkingar sjávarútvegs. Skipstjórn, vélstjórn, fiskeldi, fisktækni, útgerðartækni, shipping.

Birgir Sigurðsson spurði hvort matvælaáðherra hefði haft samband við formann FS. vegna hvalveiða. Formaður hvað svo ekki vera.

Fundarstjóri lagði til að fundargerð fundarins yrði sett á heimasíðu félagsins þegar hún verður tilbúin. Fundarmenn samþykktu það.

Fleira var ekki rætt og fundarstjóri gaf formanni orðið til að slíta fundi.

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir fundarsetuna og að sýna sér það traust að stýra félaginu næstu fjögur árin. Fundarmenn stóðu upp, klöppuðu formanni lof í lófa svo að dundi í salnum, formaður hneigði sig örlítið og gekk af sviði.

Fundi slitið kl. 15:50

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Árni Sveinsson', written in a cursive style.

Árni Sveinsson formaður

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Páll Ægir Pétursson', written in a cursive style.

Páll Ægir Pétursson fundarritari